

Leirvogsa

Rannsókn á seiðabúskap 23. ágúst -20. október 2013

Samantekt

Laxveiðin tók kipp upp á við 2013 en sjóbirtingsafli var svipaður og í fyrra. Vorið var kalt og þurrt, en um mitt sumarið tók að rigna og var mikill vatnsagi í ánni fram á haust.

Laxaseiði fundust úr sleppingum ofan við Tröllafoss, einungis fundust eins árs seið þar sem ekki var borinn lax uppeftir haustið 2012. Verði framhald á sleppingu hrygningarfisks á svæðið er rétt að dreifa honum víðar, sérstaklega á svæðið frá Tröllafossi að Stardalsá.

Magn laxaseiða á fiskgenga hlutanum var eðlilegt og í samræmi við það sem fundist hefur fyrri ár. Þéttleiki laxaseiða er svipaður all staðar á fiskgenga hluta árinna. Óvenju mikið fannst af urriðaseiðum miðað við aðrar laxveiðiár en flest eru þau sumargömul (0+), sárafá eldri urriðaseiði fundust.

- 0000 --

Inngangur


Vorið 2013 var óvenju kalt og þurrt. Seiði gengu seint til sjávar í tæru vatni. Eftir miðjan ágúst fór að rigna og óx mjög í ám sunnan- og vestanlands. Seiðamælingar, eða rafveiðar, fóru fram 23. ágúst til 7. september, við erfið skilyrði og með hléum vegna vatnavaxta. Hefðbundnar rafveiðar voru gerðar á 3 stöðum á ófiskgenga hlutanum og 6 stöðum fyrir neðan Tröllafoss. Auk þess var veidd ein stöð 20. október, en þá hafði sljákkað verulega í ánni. Þetta var gert til þess að að fá samanburð við fyrri veiðar þegar miklu meira vatn var í ánni. Niðurstöður voru mjög svipaðar að öðru leiti en því að meira veiddist af stórum seiðum í október. Hlutfall urriða og laxaseiða var svipað en vöxtur var lítill á þessu 2 mánuðum.

Niðurstöður

Tafla 1 sýnir fjölda laxaseiða sem veiddust á stöðvum 1-8, en þvær fyrstu stöðvarnar eru á ófiskgenga hlutanum fyrir ofan Tröllafoss. Þar veiddust eins árs laxaseiði, sem voru 1 cm lengri að meðaltali en jafngömul seiði á fiskgenga hlutanum. Þá var veidd ein 80 fermetra stöð um 300 m fyrir ofan Tröllafoss en þar fundust engin laxaseiði og var því sú stöð ekki tekin með í töflu 1. Kemur þetta heim við að hrygningarlöxun var sleppt við Stardalsá 2011 og hafa ekki leitað langt niður eftir.

Stöð nr.	Staður	Dags	Stærð	Aldur								Samtals	Þéttleiki
				0+		1+		2+		3+			Fj/100m²
			m²	Fj	ml	Fj	ml	Fj	ml	Fj	ml		
1	Ofan Stardalsár	6/9	20			10	7.8					10	50
2	Neðan Stardalsár	23/8	70			6	7.7					6	9
3	Ofan Hrafnhólabrúar	29/8	80	11	4.1	10	6.6					24	30
4	Neðan Hrafnhóla	29/8	80	18	4	6	6.9					24	30
5	Neðan Hrafnhóla	20/10	60	19	4.5	5	6.4	6	7.9	4	10.7	34	57
6	Miðsvæði efra	7/9	60	3	3.9	4	6.9	1	9.2			8	13
7	Miðsvæði neðra	7/9	60	3	4.3	13	6.3	3	9.4			19	32
8	Ofan gömlu brúar	7/9	60	3	4.2	12	6.7	1	9.4			23	38
	Fjöldi samtals:		430	57	4.2	66	6.9	11	9.0	4	10.7	138	32
	Fjöldi /100m²			13.2		15.3		2.5		0.9			32

Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða í einni yfirferð á stöðvum 1-8. Stöðvar 1 og 2 eru fyrir ofan Tröllafoss



Mynd 1. Lengdardreifing laxaseiða í Leirvogsa 2013

Tafla 2 sýnir fjölda urriðaseiða á stöðvum 1-8. Einungis eitt urriðaseiði veiddist á ófiskgenga hlutanum.. Alls staðar á fiskgenga hlutanum veiddust sumargömul seiði (0+) í miklu magni.

Þessi mikli fjöldi urriðaseiða kemur mjög á óvart, enda sá lang mesti sem skýrsluhöfundur hefur fundið í nokkurri laxveiðiá.


Þá vekur furðu hve lítið er af eins árs og eldri urriðaseiðum, miðað við að sjóbirtingurinn dvelur 3-4 ár í ánni áður en hann gengur til sjávar. Athugun á skýrslu frá í fyrra um rafveiðar sýnir svipaða niðurstöðu: mikið af 0+ urriðaseiðum en mjög fá eldri. Þetta þýðir að afföll eru gríðarlega há eftir fyrsta vetur.

Miðað við fjölda veiddra sjóbirtinga, sem eru tiltölulega fáir, og óhagstætt hlutfall hans miðað við laxinn bæði hvað varðar fjölda og stærð er merkilegt hve magn afkvæma hans er mikið.

Í veiðiferðunum um mánaðarmót ágúst september var mjög erfitt að greina sundur smæstu urriða- og laxaseiðin. Því var farin rannsóknarferð í lok október og þá var vandalaust að greina tegundirnar að og staðfestu niðurstöðurnar greiningar fyrr á sumrinu.

Stöð nr.	Nafn	Dags	Stærð	Aldur				Samtals	Þéttleiki
				0+		1+			Fj/100m²
			m²	Fj	ml	Fj	ml		
1	Ofan Stardalsár	6/9	20						
2	Neðan Stardalsár	23/8	70			1	8.6	1	1
3	Ofan brúar	29/8	80	19	4.3	1	7	20	25
4	Neðan Hrafnhóla	29/8	80	12	4.1			12	15
5	Neðan Hrafnhóla	20/10	60	11	5.0			11	18
6	Miðsvæði efra	7/9	60	23	4.7			23	38
7	Miðsvæði neðra	7/9	60	23	4.7			23	35
8	Ofan gömlu brúar	7/9	60	21	5.3			21	35
	Samtals:		430	109	4.7	2	7.8	111	23
	Fj/100m²			22		0.4		26	

Tafla 2. Fjöldi veiddra urriðaseiða í einni yfirferð á stöðvum 1-8.



Mynd 2. Lengdardreifing urriða


Ástand og fjöldi seiða á einstökum veiðistöðum

Ofan Tröllafoss

Veitt var á þremur stöðum. Ofan og neðan við Stardalsá og rétt fyrir ofan Tröllafoss. Þar fannst mikið af laxaseiðum, sem öll voru eins árs en aðeins eitt urriðaseiði. Mun meira fannst af seiðum og ofan Stardalsár en neðan hennar, enda færir hún kaldara og næringarsnauðara vatn í aðal ána.

Fyrir ofan Tröllafoss var veitt á stóru svæði en eina sem fannst var ein ársgömul bleikja. Laxarnir, sem sleppt hefur verið við Stardal undanfarin ár hafa ekki leitað niður eftir og hrygnt þar. Athuga mátti að sleppa löxunum neðar, nær Tröllafossi.

Flestir laxahængar sem veiddust voru kynþroska, tilbúnir til að taka þátt í hrygningunni um haustið. Tilraunir hafa sýnt að þeir frjógva hrygnurnar án tilkomu stærri hænga. Þannig hefur hrygnum verið sleppt á svæði þar sem voru eingöngu smáhængar og árið eftir fundust afkvæmi þerra. Engum stórum hængum hafði þá verið sleppt á svæðið.



Mynd 3. Kynþroska hængur, 7.5 cm.

Fiskgengi hlutinn

Sumargömul laxaseiði (0+) fundust á öllum stöðvum, meira var af þeim ofar í ánni enda betri hrygningarskilyrði þar en neðar. Þrátt fyrir að hrygningarstofn hafi verið með minnsta móti 2012, sé mið tekið af hversu léleg veiðin var þá og hve lítið virtist eftir í ánni, er nóg af seiðum úr þeirri hrygningu. Ekki er að sjá að stærð hrygningarstofns sé takmarkandi þáttur í Leirvogsá.

Nóg var einnig af eins árs seiðum, meira eftir því sem neðar dró. Lítið fannst af tveggja ára og eldri laxaseiðum, nokkuð sem kemur heim við fyrri reynslu, sbr. töflu 3. Magn laxaseiða í ánni er því svipað og verið hefur mörg undanfarin ár.

Mjög mikið fannst af urriðaseiðum, sjá töflu 2, og var talsvert meira af sumargömlum urriða en laxi, 109 urriðar á móti 57 löxum. Hjá eins árs seiðum snýst þetta við: 2 urriðar en 66 laxar.

Þetta sambýli urriða og lax er óvenjulegt, en skýringar liggja ekki á lausu.

Ár	0+	1+	2+	3+	Samtals Fj.100m ²
2008	7.8	5.0	0.9	0.4	14
2009	18.3	4.5	4.9	1.1	29
2010	30.1	13.9	1.8	0.2	46
2011	12.4	5.0	2.0	0.2	20
2012	9.8	4.8	1.7	0.3	17
2013	13.2	15.3	2.5	0.9	32


Tafla 3. Samanburður á þéttleika laxaseiða í Leirvogsá árin 2008-2013

Greining á hreistri


Lesin voru hreistur af 49 löxum, 48-85 cm að lengd og 5 sjóbirtingum. Greint var hve lengi laxarnir hefðu verið í ánni áður en þeir gengu til sjáar, og hve lengi þeir hefðu dvalið í sjó. Vöxtur fyrsta vetur í sjó var mældur út frá áhringjum í hreistri, en nýlega hefur komið fram að því betur sem laxinn vex fyrsta árið í sjó þeim mun meira skilar sér til baka aftur í ána. Vöxtur er ætistengdur og speglar sjávarskilyrðin: Gott æti, meiri vöxtur og minni afföll fara saman.

Ár í ánni	Fjöldi	Ár í sjó	Hængar	Hrygnur	Samtals
3	22	1	24	21	45
4	25	2	3	1	4
5	2				
Samtals:	49		27	22	49

Tafla 4. Ferskvatns- og sjávaraldur laxa úr Leirvogsá 2013




Mynd 5. Vöxtur laxa fyrsta sumar í sjó.



Mynd 4. Lengdardreifing laxa sem hreistur voru lesin af í Leirvogsá 2013. Laxar eins árs úr sjó eru gulir, tveggja ára eru bláir

Stærð sjóbirtinga við útgöngu og vöxtur í sjó var reiknaður út frá áhringjum í hreistri. Niðurstöður eru sýndar á mynd 6.


Fjórir höfðu dvalið 4 vetur í ánni, einn 3 vetur. Tveir höfði eytt 2 sumrum í sjó, einn 3 sumrum, einn 6 og einn 7. Þetta má lesa úr mynd 6.



Mynd 6. Sýnir stærð sjóbirtingsseiða við útgöngu og vöxt fiskanna á hverju sumri

Veiðin 2013


603 laxar veiddust, 244 hængar og 288 hrygnur voru kyngreindar. Sjóbirtingsveiðin var 70 fiskar. 14 löxum var sleppt. Skipting veiðinnar á veiðivikur er sýnd í töflu 4 og á mynd 3. Ekki voru gerðar fleiri greiningar á veiðibókinni vegna þess að Veiðimálastofnum sendir veiðifélögunum návæmar niðurstöður að lokinni vinnslu veiðibóka.



Mynd 7. Laxveiði í Leirvogsá 2003-2013

Dagur	Vika nr.	Laxar	Hængar	Hrygnur	Urriðar
1-6. júlí	1	42	18	24	0
7-13. júlí	2	106	25	52	1
14-20. júlí	3	124	50	65	16
21-27. júlí	4	70	24	43	3
28. júlí-3. ágúst	5	44	11	16	3
4-10. ágúst	6	15	8	7	0
11-17. ágúst	7	40	25	14	0
18-24. ágúst	8	37	20	20	4
25-31. ágúst	9	36	17	11	19
1-7. sept.	10	26	13	10	10
8-14. sept.	11	25	13	10	6
15-21. sept.	12	13	9	3	5
22-28. sept.	13	13	8	4	3
29. sept-5. okt.	14	12	3	9	0
Samtals:		603	244	288	70

Tafla 5. Laxveiðin 2013 eftir vikum



Mynd 8. Laxveiðin 2013 eftir vikum